

Jón Prándur Stefánsson

Frá: Gísli Halldór Halldórsson <gislihh@arborg.is>
Sent: föstudagur, 4. febrúar 2022 14:00
Til: Jón Prándur Stefánsson
Afrit: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið; Rósa Sif Jónsdóttir
Efni: 2112381 - Afgr. bæjarráðs 138. fundur - Byggðakvóti fiskveiðiársins 2021-2022
Viðhengi: Sérreglur byggðakvóta 21-22.pdf

Sent to GoPro Case: -1

Góðan dag,

Meðfylgjandi eru tillögur að sérreglum vegna byggðakvóta 2021-2022 í því formi sem ráðuneytið hefur leiðbeint með.

Þetta skjal var lagt fyrir á fundi bæjarráðs þann 3. febrúar síðastliðinn og var eftirfarandi jafnframt ályktað:

2112381 - Byggðakvóti fiskveiðiársins 2021-2022

Erindi frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu, dags. 27. janúar, þar sem óskað var eftir rökstuðningi vegna úthlutunar byggðakvóta fiskveiðiárinu 2021/2022.

Sveitarfélagið Árborg hefur það að markmiði að úthlutaður byggðakvóti nýtist til vinnslu í sveitarfélaginu. Jafnframt vill sveitarfélagið auðvelda útgerðum að koma aflanum til vinnslu í sveitarfélaginu með því að heimila vinnslu hans ekki aðeins í þeirri byggð sem byggðakvótinn er tileinkaður, heldur einnig öðrum byggðum innan sveitarfélagsins.

Vinnslur hafa verið á Stokkseyri og Eyrarbakka og flestar mjög smáar. Ekki hefur verið um að ræða vinnslu á Selfossi undanfarin ár. Ef ekki mætti t.d. vinna afla Eyrbekkinga úr byggðakvóta á Stokkseyri þá væri útgerðarmönnum oft og tíðum mun erfiðara að koma afla til vinnslu en nú er. Byggðalögin eru nán frá fornu fari og eiga langa sögu sem sjávarþorp með útgerð.

Útgerðarmenn hafa þrýst á bæjaryfirvöld um að fá heimildir til að landa afla til vinnslu í gegnum fiskmarkað, án kvaðar um vinnslu hans í Sveitarfélaginu Árborg.

Fiskverkendur hafa hinsvegar gagnstæð sjónarmið og telja í einhverjum tilfellum að byggðakvótinn sé forsenda fyrir uppbyggingu vinnslunnar sem nú standi yfir.

Það er mat bæjarráðs Árborgar að nauðsynlegt sé að heimila löndun afla úr byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélags, en ekki aðeins umræddrar byggðar, til þess að minni hætta sé á að byggðakvótinn falli niður vegna vannýtingar.

Bæjarráð felur bærarstjóra að svara erindinu.

Framangreint tilkynnist hér með.

Með kveðju,
Gísli Halldór Halldórsson, bærarstjóri.



Austurvegur 2 – 800 Selfoss – Tel: +354 480 1900 – www.arborg.is

Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 9.mgr. 47.gr. laga nr. 81/2003 er að ræða um fjarskipti.

From: Rósa Sif Jónsdóttir <rosa@arborg.is>

Sent: föstudagur, 4. febrúar 2022 11:39